

Starfsreglur skólaráðs Varmahlíðarskóla

Skólaráð Varmahlíðarskóla starfar samkvæmt 8. grein laga nr. 91/2008 um grunnskóla og Reglugerð nr. 1157 um skólaráð við grunnskóla. Skólaráð er samstarfsvettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins um skólahald.

Skólaráð Varmahlíðarskóla er skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn. Miðað skal við að skipað sé í ráðið í upphafi skólaárs fyrir 15. september. Kosningum skal haga á eftirfarandi hátt:

- tveir fulltrúar kennara skulu kosnir á kennarafundi
- einn fulltrúi annars starfsfólks skal kosinn á starfsmannafundi þess
- tveir fulltrúar foreldra skulu kosnir samkvæmt starfsreglum foreldrafélags Varmahlíðarskóla
- tveir fulltrúar nemenda skulu kosnir samkvæmt starfsreglum nemendaráðs skólans
- skólaráð velur sér sjálft einn fulltrúa úr hópi íbúa í grenndarsamfélaginu.

Aðstoðarskólastjóri er ritari skólaráðs og stýrir ráðinu í forföllum skólastjóra.

1. Fundir skólaráðs skulu haldnir að jafnaði einu sinni í mánuði á starfstíma skóla, að ágúst og janúar undanskildum. Skólastjóri getur þó ákveðið að boða einstaka fulltrúa ráðsins á fundi þar sem sérstaklega á að ræða sérstök verkefni þeirra aðila. Fyrsti fundur hvers skólaárs skal haldinn í byrjun september og síðasti fundur um miðjan maí.
2. Skólastjóri boðar fundi rafrænt með minnst 3 daga fyrirvara og dagskrá og fylgigögn (vísun í fylgigögn) skulu fylgja fundarboði.
3. Skólaráð fjallar um skólanámskrá, rekstraráætlun, starfsáætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð fær til umsagnar allar fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanlegar ákvarðanir um þær eru teknar. Auk þess tekur skólaráð þátt í verkefnum og fylgist með þeim þáttum sem taldir eru upp í *Reglugerð um skólaráð við grunnskóla (2.gr.)*.
4. Einn fundur á ári skal sérstaklega helgaður umræðu um þróunarmál í skólastarfi.
5. Í upphafi vetrar skal yfirfara starfsreglur skólaráðs Varmahlíðarskóla.
6. Skólaráð getur falið foreldrafulltrúum og grenndarfulltrúa að leita eftir samstarfi og stuðningi utanaðkomandi aðila til styrktar skólastarfinu.
7. Skólaráð starfar í samvinnu við foreldrafélag skólans og leitast við að tryggja gagnkvæma miðlun upplýsinga. Fundargerðir hvors aðila skulu vera aðgengilegar á vefsíðu skólans.

Yfirfarið og samþykkt af skólaráði Varmahlíðarskóla 20. nóvember 2018.